

## **Oddafélagið - aðalfundur 2020**

Aðalfundur Oddafélagsins 2020 var haldin í Oddahjáleigunni Ekru, mánudaginn 29. júní 2020 og hófst kl. 17:45

Alls voru mættir 17 til aðalfundarins (sjá meðfylgjandi mætingarlista) Ath. Ritara láðist að biðja Bergþóru Þorkelsdóttur að undirrita mætingarlista, en hún hafði tafist.

Ágúst, formaður, bauð fundarmenn velkomna á aðalfund 2020 og lagði til að Árni Bragason yrði áfram fundarstjóri og Friðrik Erlingsson ritari. Það var samþykkt.

Engar athugasemdir voru við fundarboð svo gengið var til hefðbundinna aðalfundarstarfa skv. boðaðri dagskrá.

### **1. Skýrsla stjórnar**

Skýrslu stjórnar fyrir árið 2019 var dreift til fundarmanna og Ágúst, formaður, las skýrsluna fyrir fundarmenn. Skýrslan er aðgengileg á vef Oddafélagsins [www.oddafelagid.net](http://www.oddafelagid.net)

### **2. Reikningar félagsins**

Erna, gjaldkeri, fór yfir ársreikning Oddafélagsins fyrir árið 2019.

### **3. Umræður um skýrslu og reikninga og þeir bornir upp til samþykktar**

Orðið var gefið laust um skýrslu og reikninga. Engin kvaddi sér hljóðs.

Árskýrsla Oddafélagsins fyrir árið 2019 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ársreikningur Oddafélagsins fyrir árið 2019 var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

### **4. Kosningar**

Ágúst, formaður, tilkynnti að Erna Sigurðardóttir hefði óskað eftir að draga sig í hlé frá stjórnarstörfum í bili, en Elvar Eyvindsson hefur boðið sig fram til stjórnarsetu og gjaldkerastarfs. Það var samþykkt samhljóða. Ernu voru færðar einlægar þakkir fyrir frábært starf í þágu félagsins.

Í stjórninni sitja Ágúst Sigurðsson, formaður, Árni Bragason, Bergþóra Þorkelsdóttir, Elína Hrund Kristjánsdóttir, Elvar Eyvindsson, Friðrik Erlingsson og Helgi Þorláksson.

Tillaga kom fram um að skoðunarmenn reikninga verði áfram þau Heiðrún Ólafsdóttir og Guðmundur Einarsson. Það var samþykkt samhljóða.

## 5. Ákvörðun um árgjald.

Árgjald hefur ávallt verið lágt, er nú kr. 1.500. Rætt var um að það mætti hækka að mun, kr. 5000, en því mæltu fleiri í gegn. Affararsælla væri að hafa gjaldið lágt til þess að fæla fólk ekki frá féluginu, auk þess sem líklegara væri að fólk greiddi lægri upphæð en hærri. Rætt var um að innheimta félagsgjalda megi ekki eingöngu vera í gegnum heimabanka, því margir hafa ekki heimabanka, auk þess sem margir félagar eru eldra fólk sem e.t.v. hugnast frekar að greiða sína reikninga yfir borðið í banka en ekki í tölvu. Í þessu sambandi var nefnt að rétt væri að senda félögum tölvupóst með tíðindum af fornleifauppgreftri, starfsemi félagsins, auk reikningsnúmers, til að hvetja fólk til að greiða árgjaldið. Hins vegar var bent á að rétt væri að hækka árgjaldið eitthvað, þar sem félagið stæði nú í stórræðum vegna hússins á Ekru. Borin var upp sú tillaga að hækka gjaldið upp í kr. 2.000 og senda félagsmönnum áminningartölvupóst með reikningsnúmeri og hvatningu í formi tíðinda af starfsemi félagsins. Það var samþykkt einróma. Lagt var til að innheimtudagur árgjalds væri 22. maí, á ártíð Sæmundar Sigfússonar. Það var samþykkt einróma.

## 6. Önnur mál

Þór Jakobsson, heiðursfélagi, kvaddi sér hljóðs. Hann vildi minna stjórn á að senda upplýsingar sérstaklega til heiðursfélaga svo þeir gætu fylgst með því sem er að gerast í féluginu eða á vegum þess, eins og t.d. fornleifarannsóknin. Nefndi hann sérstaklega Þórð Tómasson í Skógin og frú Vigdísí Finnbogadóttur, verndara félagsins. Þór sagði einnig fundarmönnum frá gögnum í hans eigu sem lengi höfðu verið geymd á Blönduósi í tengslum við Hafísetur sem til stóð að koma þar upp. Á meðal þessara gagna eru bækur og glerplötur sem tengjast fyrirætlaðri sýningu. Þór vildi þakka Oddaféluginu fyrir að taka þessu gögn að sér, a.m.k. til geymslu, þótt efni þessara gagna væri alls óskylt starfsemi félagsins. Þór nefndi einnig að spennandi væri að hugsa til framtíðar í Odda og þeirri uppbyggingu sem nú sæi hylla undir í tengslum við Fróðasetur/Fræðasetur eða Sæmundarstofu, þar sem litið yrði til Reykhols og Snorrasastofu sem fyrirmynnar um uppbyggingu og starfsemi.

Bergþóra Porkelsdóttir kvaddi sér hljóðs og vildi mæla með því að leitað yrði til þeirra sem til þekkja um hönnun og uppbyggingu menningarmiðstöðva eins og þeirrar sem menn vildu sjá í Odda. Hún sagði að einnig væri mikilvægt að leita til fólks í Rangárþingi um álit þess, skoðanir og hugmyndir varðandi framtíðaruppbyggingu, því mikilvægast væri að íbúar Rangárþings litu til Odda sem menningarmiðstöðvar sinnar og að þeir hefðu hingað eitthvað að sækja í upplifun, fræðslu og afþreyingu. Kanna þyrfti hug íbúa til þeirra hugmynda sem kæmu upp í tengslum við framtíðina.

Helgi Þorláksson fékk orðið og greindi frá því að Oddafélagið hefði nýverið hlotið 7 milljón króna styrk úr sjóði RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) til Oddarannsóknarinnar. Rannsóknin skiptist í fornleifarannsókn undir stjórn Kristborgar Þórssdóttur, annars vegar, og þverfagleg rannsókn á undirstöðum ritmenningar í Odda, sem er stýrt af Helga Þorlákssyni, en með honum í teymi eru Ármann og Sverrir Jakobssynir. Þá stýrir Egill Erlendsson þeim hluta rannsóknarinnar sem snýr að umhverfi og mannvist. Helgi útskýrði að hið

svokallaða Reykholt's verkefni, sem framkvæmt var í tengslum við fornleifauppgröft í Reykholti, væri fordæmi eða fyrirmund að Oddarannsókninni, en þar yrði skoðað tímabilið frá 1100 - 1300. Helgi útskýrði verkskiptingu milli stjórnarmanna og hvað lægi fyrir að hefjast handa við, nú þegar styrkur frá RÍM væri kominn fyrir þetta ár. Þegar væri ákveðið að halda Oddastefnu í nóvember á þessu ári til að kynna og fara yfir rannsóknir og niðurstöður.

Kristín, fundargestur, kvaddi sér hljóðs og lagði til að í Odda yrði lögð áhersla á galdra og þjóðsögur um Sæmund, ekki síst í þeim tilgangi að laða fólk að staðnum. Þór Jakobsson benti á að einn megin tilgangur félagsins hefði ávallt verið sá að benda á manninn á bakvið þjóðsögurnar og reyna að draga fram þá þætti er vörpuðu ljósi á fumkvæði og forgöngu Sæmundar í landsmálum, menningar- og menntamálum.

Friðrik Erlingsson kvaddi sér hljóðs og lýsti hugmyndum sínum um að koma hlöðunni á Ekru sem fyrst í vindhelt og vatnsþétt ástand í þeim tilgangi að koma þar upp sýningu yfir sumarmánuðina sem gæti heitið: Sæmundur fróði og saga Odda. Sýningin myndi fyrst og fremst saman standa af stórum prentuðum spjöldum með texta og myndum, líkt og meginhluti sýningarinnar um Snorra í Reykholti. Sú lausn væri hagkvæm og biði upp á að bæta spjöldum við síðar og stækka þannig sýninguna smám saman. Markmið þessarar sýningar ætti einmitt að vera sú að taka Sæmund út úr þjóðsögunum og staðsetja hann í tíma og rúmi hér í Odda sem vel menntaðan miðaldamann á tímum Endurreisnar 12. aldar, þegar hvers kyns þjóðleg fornfræði voru hafin til vegs vítt um Evrópu m.a. hér á landi, e.t.v. ekki síst fyrir frumkvæði Sæmundar. Með slíkri sýningu væri komið tilefni fyrir ferðafólk til að staldra við í Odda, kynna sér fornleifauppgröftinn, skoða sýninguna og fá sér hressingu. Sýningin yrði þá einskonar fyrsta skref til þess að gera sögu Odda og Sæmundar sýnilega í héraðinu, rétt við þjóðveginn. Sjálfsgagt væri að stefna að því að sýningin opnaði á Oddastefnu að ári, í byrjun júlí 2020.

Góður rómur var gerður að máli Þórs, Bergþóru, Helga og Friðriks og spunnust af því nokkrar umræður. Jón P. Þór minnti á að lítið væri vitað um sögu Odda eftir 1300, fyrir utan það sem Vigfús Guðmundsson hefði dregið saman í sinni bók um Odda. Allir voru á einu máli um að framtíð Odda sem menningarmiðstöðvar í héraði væri björt, og verkefnin fram undan spennandi. Ágúst benti á að með nýrri veggtingu og brúnni yfir Þverá, Oddabréu, yrði Oddi á nýjan leik kominn í þjóðbraut.

Fundurinn ályktaði einnig að Oddahátið yrði haldin í byrjun júlí árið 2021, úr því að hún fél fiður á þessu ári vegna Covid19. Halda skyldi Oddahátið með svipuðu sniði og árið 2018 og einnig stefnt að því að opna sýningu um Sæmund og Odda í Ekru.

Fundi var slitið með lófataki kl. 19:30

Aðalfundur Oddafélagsins 2020 – mætingarlisti:

Fridrikur Sverrisson  
Hlynur Þorláksson  
Ólöf Stjórnadóttir  
Þór Jakobsson  
Íñni Brageassá  
Jóhanna Jóhannesson  
Óliver Guðrún  
Ræði Prinsen  
hrg. Þorsteinn Ólafsson  
Louise B. Sigurdardóttir  
Sigriður Ólafsdóttir  
Jón Þ. Þór.  
Erna Sigurðardóttir  
Klára Þorsteinsdóttir  
Sígurður Guðrúnarson  
Ólafur Þórhilsson

Eruuð var fundurinn Beypolis fræðsluðelli